

Nd.

376. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur eigi getað orðið einhuga um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hl. samþ. frv. með töluverðum breytingum. Minni hl. telur eigi rétt að afgreiða málið að svo stöddu af þeim sökum, er hér greinir nánar. Nefndin hefur átt tal við núv. form. og varaform. húsaleigunefndar og enn fremur fyrrv. form. nefndarinnar, og hafa þeir allir lagt til, að frv. nái eigi að ganga fram né nein breyting verði gerð, eins og sakir standa að minnsta kosti, á skipun nefndarinnar né skipting starfa innan hennar. Sú skipan, sem nú sé á starfstilhögun nefndarinnar, sé hin hagkvæmasta um skjóta og tilhlýðilega afgreiðslu þeirra mála, sem undir nefndina heyra, og ekkert hafi það fram komið, sem bendi til þess, að neinnar breytingar sé þörf, að þessu leyti. Munu allflestir húsaleigunefndarmenn vera á þessari skoðun. Strax af þessum ástæðum teljum við ekki rétt að breyta neitt til í þessu efni og leggjum til, að málið verði afgreitt í háttvirtri deild með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að telja verður eftir framkomnum upplýsingum, að eigi sé nein þörf breytinga á núv. starfstilhögun eða starfsskipting innan húsaleigunefndar, að minnsta kosti eigi að svo stöddu, telur deildin eigi rétt að samþ. frv. á þskj. 86 og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. nóv. 1943.

Björn Björnsson,
frsm.

Sigurjón Á. Ólafsson.